

Fréttatilkynning

14. september 2004

Yfirmenn Sjóvá-Almennra svara gagnrýni með nafnlausu skítkasti frá IP-Neti Íslandsbanka

Í DV er í dag fjallað um mál sem Ástþór Magnússon hefur höfðað gegn Sjóvá-Almennum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Sjóvá hefur neitað að greiða bætur vegna bifreiðar sem var stolið 1 mars 2002 og eyðilögð með ákeyrslu á ljósastaur.

Þrátt fyrir að lögreglurannsókn málsins sé lokið, hefur Sjóvá-Almennar komið sér hjá greiðslu tryggingarbóta með því að flækja málið með allskyns útúrsnúningum, m.a. því að Natalia Wium sem þá hafði aðeins þekkt Ástþór í átta vikur hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Til vara ef áburðurinn á Natalíu gengur ekki í dómarrann, gerir Sjóvá sér lítið fyrir og víxlar áburðinum yfir á Elenu systur Natalíu, en Elena hafði hvorki kunnáttu til að aka bifreið né var með bílpróf á þessum tíma.

Systurnar tengdust málinu með þeim hætti að þær komu að bifreiðinni á vettvangi skammt frá íbúðarhúsinu Vogaseli 1, þaðan sem bifreiðinni hafði verið stolið stuttu áður. Þær voru gestkomandi í húsinu þegar þetta gerðist og urðu þess varar að verið var að stela bifreiðinni. Þær komu síðan að bifreiðinni stuttu síðar þar sem hún var geryðilögð nokkur hundruð metrum frá íbúðarhúsinu. Eftir umfangsmikla lögreglurannsókn og vitnaleiðslur á lögreglustöð kom í ljós að systurnar höfðu ekki ekið bifreiðinni enda er ekkert slíkt lögreglumál í gangi gegn þeim.

Málið hefur vakið athygli eftir umfjöllun DV og viðtal við Ástþór hjá Arnþrúði Karlsdóttur á Útvarpi Sögu í dag. Þetta virðist hafa framkallað sterk viðbrögð hjá yfirmönnum Sjóvá-Almennra, sem þó virðast ekki menn til að koma fram undir nafni og reyna að fela sig á bakvið pósthöfund á hotmail.com. En slíkan póst er hægt að rekja: Þannig skrifar t.d. einn stjórnenda fyrirtækisins undir nafninu billyrun117@hotmail.com: (Skeytið var rakið til IPnets yfirstjórnar Íslandsbanka)

>-----Original Message-----

>From: billy Run [<mailto:billyrun117@hotmail.com>]

>Sent: 14 September 2004 12:29

>To: sjova@forsetakosningar.is

>Subject: stuðningur

>

>

>sæll

>ég heyrði viðtalið við þig á útvarpi sögu. Náði ekki byrjuninni en

>skilst að málið sé að konan þín hafi átt að hafa keyrt full og þú sért

>í stappi við

>sjóvá almennar. Ef það er rétt hjá mér þá styð ég sjóvá almennar

fullum

>

>fetum. Hver heilvita manneskja ætti að vilja vera með öðrum eins
>viðbjóði og þér án þess að vera í víni alla daga eða einhverju enn
>sterkara. Þú ættir að skammast þín og vonandi svararðu þessu meili.
>Það
>eu allir sem vita að þú átt bara heima í spennitreyju á einhverri
>eyðieyju. Helvítis aulinn þinn. kveðja.
>
>

The new MSN 8: advanced junk mail protection and 2 months FREE*
<http://join.msn.com/?page=features/junkmail>

Svar Ástþórs:

>From: Ástþór Magnússon <thor@forsetakosningar.is>
>To: "'billy Run'" <billyrun117@hotmail.com>
>Subject: RE: stuðningur
>Date: Tue, 14 Sep 2004 14:42:16 -0000
>
>Jæja kom þetta svolítið við kaunin á ykkur? Er það kannski
>varaformaðurinn sjálfur Einar Sveinsson sem notaði Íslandsbanka netið
>til að senda þennan ruslpóst - eða var fenginn til þessa skítverks
>einn
>starfsmanna?
>
>Það er ágætt að þetta kom við ykkur. Greiðið bara bæturnar eins og
>ykkur ber. Eftir umfangsmikla lögreglurannsókn og vitnaleiðslur
>liggur
>ljóst fyrir að Natalia ók ekki bifreiðinni og þið hafið hana fyrir
>rangri sök.
>
>Ég hætti ekkert fyrr en ég fæ greiddar þær batur sem mér ber frá
>Sjóvá.
>Á meðan þetta er ógreitt mun ég halda áfram að auglýsa þetta mál -
>jafnvel hefja auglýsingaherferð á netinu og safna öðrum saman sem eru
>í
>sömu stöðu til að taka á fleiri svona málum og kroppa svolítið í þessa
>fjóru milljarða sem þið hafið stolið af fólkinu í landinu.
>
>Kveðja
>Ástþór Magnússon
>

Og svo kom þetta svar frá Íslandsbanka:

-----Original Message-----
From: billy Run [<mailto:billyrun117@hotmail.com>]
Sent: 14 September 2004 14:48
To: thor@forsetakosningar.is
Subject: RE: stuðningur

sæll og takk fyrir svárið.

Ég er bara óbreyttur starfsmaður sem heyrði hluta af viðtalinu og var ekki sáttur við orðalag þitt en ef þetta er rétt hjá þér þá vona ég að þetta fari vel. Afsaka orðalag mitt en ég var frekar reyður þegar ég hlustaði á þig í útvarpinu en er runnin reiðin og vonandi kemst góð niðurstaða í málið. Ég held að sjóvá sé ekkert verra en önnur tryggingafélög í svona málum en hvað veit ég. Kannski litaður. :) kveðja og gangi þér vel en samt leiðinlegt að heyra skítköst úti einhver

félög eða aðila í fjölmiðlum án þess að þeir séu til að svara fyrir sig. kær kveðja.

Athygli vekur að þessi 'óbreytti starfsmaður' Íslandsbanka kemur enn ekki fram undir nafni, enda grunar undirritaðann að viðkomandi sé ekki svo 'óbreyttur' heldur sé um einn af æðstu stjórnendum fyrirtækisins að ræða. Nokkrum mínútum eftir að ofangreint svar barst hringdi Halldór Gunnar Eyjólfsson framkvæmdastjóri tjonasviðs Sjóvá, sagðist hafa verið að ræða við forstjóran og reyndi að fá Ástþór til að hætta við að áform um að stofna samstarfshóp gegn Sjóvá. Ljóst var að Halldóri var kunnugt um netsamskiptin við Ástþór þegar hann hringdi.

Unnið er að því að setja upp á netinu samstarfshóp gegn tryggingarsvikum Sjóvá þar sem aðrir einstaklingar sem félagið hefur svikið um tryggingarbætur geta fengið aðstoð til að höfða málsókn gegn fyrirtækinu. Þá mun hópurinn einnig safna á vefnum upplýsingum um slík tryggingarsvik Sjóvá-Almennra trygginga sem víti til varnaðar þeim sem íhuga að tryggja bifreiðar sínar hjá þessu vafasama tryggingafélagi.

Þeir sem vilja taka þátt í þessu samstarfi geta skráð sig á www.forsetakosningar.is

Ástþór Magnússon

Ástþór Magnússon
Vogasel 1
109 Reykjavík
Sími 557 1000 eða 865 5285